

Verzlunarhagnaður af einkasölonni rennur í rikissjóð.

30

30% af verzlunarhagnaðinum greiðir rikissjóður bæjar- og sýslusjóðum 9. jan. þannig: 10% renna til bæjarsjóðs þess kaupstaðar, sem einkasalan hefir aðal- aðsetur í, en 20% skiptast eftir mannfjölda milli bæjarsjóða annara kaupstaða og sýslusjóða.

Skatt þennan greiðir rikissjóður bæjarsjóðum og sýslusjóðum 1. marz ár hvert af ágóða næstliðins árs. Af einkasölum þeim, er settar verða á stofn samkvæmt lögum þessum, greiðist þá og eigi skattur samkv. 2. gr. laga nr. 47 4. júní 1924, um aukaútsvör rikisstofnana.

### 5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 500—50000 kr., nema þyngri refsing liggir við að lögum. Hver sá hlutur, sem ræðir um í 1. gr. a—c og ólöglega er fluttur inn í landið, skal upptækur ger og andvirðið renna til einkasölnunnar.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eigi allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 9. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*

## L Ö G

um eftirlit með opinberum rekstri.

31

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Fyrirtækjum þeim, sem rikið hefir sett á stofn til þess að annast sérstök samgöngumál, verzlunarmál, verklegar framkvæmdir, ásamt verksmiðjustörfum, skal skipt í þrjá flokka, eftir eðli þeirra og viðfangsefnum, svo sem hér segir:

**31** Í fyrsta flokki eru póstmálakerfið, landssíminn, ríkisútvarpið og skipaútgærd ríkisins.

9. jan. Í öðrum flokki eru tóbakseinkasala ríkisins, áfengisverzlun ríkisins, viðtækjaverzlun ríkisins og áburðareinkasala ríkisins.

Í þriðja flokki eru skrifstofa vegamálastjóra, skrifstofa vitamálastjóra, skrifstofa húsameistara ríkisins, ríkisprentsmiðjan og landssmiðjan.

#### 2. gr.

Nú setur ríkið á fót fleiri stofnanir, til þess að hafa með höndum sérstaka starfrækslu. Skal þá ríkisstjórnin skipa þeim, jafnskjóti og þær taka til starfa, í þann flokk, sem þær standa næst um starfrækslu.

#### 3. gr.

Yfir hvern flokk fyrirtækja, sem um getur í 1. og 2. gr., skal skipa þriggja manna ráð, til þess að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með starfrækslunni. Skal ráð hvert og hver einstakur ráðsmaður ávallt hafa rétt til að aðgæta reikningshald og skjöl öll, er stofnunina varða. Ráð skal koma saman á fund svo oft sem þörf gerist, og eigi sjaldnar en sem svarar tvisvar sinnum mánuð hvern.

Forstjórum stofnana þeirra, sem ræðir um í lögum þessum, skal skylt að leggja fyrir ráð það, sem stofnunin heyrir undir, öll mikilsvarðandi mál, sem starfræksluna varða, gera grein fyrir innkaupum, starfsmannahaldi, kaupgjaldi og tilhögun starfs, fjárhag, álagningu á vörum og öðrum meginreglum, sem starfrækslan miðast við.

Afrit af fundargerðum ráðsfundar skulu jafnóðum send ríkisstjórninni, og er forstjóri sendir ríkisstjórninni tillögur, er varða stofnun þá, er hann veitir forstöðu, þá skal álit ráðs ávallt fylgja tillögunum.

#### 4. gr.

Ríkisstjórnin kallar öll ráð þau, er ræðir um í 3. gr., svo og forstjóra ríkisstofnananna, á sameiginlegan fund, til þess að ræða um samræming á störfum ríkisstofnananna og önnur þau atriði, er þær varða sameiginlega, eins oft og henni þykir þörf á, og leitar ávallt álits slíks sameiginlegs fundar við undirbúning fjárlaga.

#### 5. gr.

Ráð þau, sem ræðir um í lögum þessum, skulu kosin á þriggja ára fresti af Alþingi, með hlutfallskosningu.

#### 6. gr.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til ráðsmanna, enda fari hún eigi fram úr 12 kr. fyrir hvern fundardag hvers ráðs, og skal stofnununum í hverjum flokki, er ræðir um í 1. gr., skylt að greiða þá þóknun að jöfnum hlutföllum fyrir sitt ráð.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

31

9. jan.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning hinna 3 ráða, er um ræðir í 3. gr., skal fara fram á því þingi, sem samþykkir þessi lög. Jafnframt fellur þá niður umboð stjórna og eftirlitsmanna einstakra ríkisfyrirtækja, er undir frv. þetta falla.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Haraldur Guðmundsson.*

## L Ö G

um varðskip landsins og skipverja á þeim.

32

9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir skulu vera slysatryggðir á kostnað ríkissjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafélagi Íslands.

## 2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæzlumenn Íslands á landhelgisvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að vera sérstaklega friðaðir fyrir togaraveiðum.

## 3. gr.

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra til allt að 6 ára í senn, en skipstjóri gerir samninga í umboði útgerðarstjórnar skipanna við